

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



| | | | |
|---------------------|--------------------------|------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 28.11.2012 | Fulltrúi UST | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Malbikunarstöð Akureyrar | Fulltrúi UST | |
| Heimili | v/ Súluveg (Miðhúsavegi) | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4101696229 | Flokkur | Malbik |
| Fulltrúi fyrirtækis | Tómas Björn Hauksson | ÍSAT nr. | 26.82.9 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón Hansen | Staðsetning | 539861,247 575194,992 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust fimm frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvö þeirra eru frá fyrra ári og eru á samþykktari úrbótaáætlun. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar við Malbikunarstöð Akureyrar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi með fulltrúum rekstraraðila. Grænu bókhaldi (grein 1.9) hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar, svo og árlegum mælingum á ryki í útblásturslofti (grein 3.2). Sett hefur verið niður olíuskilja (grein 2.7) sem tekur við afrennsli frá vinnusvæði stöðvarinnar. Mælinganiðurstöður í frárennsli skiljunnar sem bárust hljóðuðu upp á 8% styrk olíu, og við nánari athugun kom í ljós að sýni hafði verið tekið úr olíuhólfi olíuskiljunnar. Endurtaka þarf mælingar á styrk olíuleifa í frárennsli aftan við olíuskilju.

Farið var yfir kröfur um áætlun til þess að viðhalda góðum rekstri rykhreinsibúnaðar (grein 2.3). Ljúka þarf viðhaldsáætlun rykhreinsibúnaðar. Farið var yfir hávaðamælingar (grein 2.11) og farið fram á að niðurstöður mælinga yrðu sendar Umhverfisstofnun.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Skráningar á mælinganiðurstöðum sem kröfur eru um og á innra eftirliti í stöðinni þarf að bæta.

Farið var í skoðun á malbikunarstöðinni. Lokið hefur verið við þróun um asfaltgeymi og yfirborð vinnusvæðis malbikað.

Staða frávik frá fyrra ári er sú að skipt var um poka í hreinsivirki og náðist góður árangur með því þannig að nú er ryk í útblásturslofti vel innan við þau mörk sem sett eru í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun vegna rykmengunar barst og var samþykkt af stofnuninni. Einnig hefur stofnunin samþykkt umhverfismarkmið fyrirtækisins. Tvö frávik frá fyrra ári eru ókláruð, en unnið er eftir úrbótaáætlun:

- Botnþykktarmæla skal geyma stöðvarinnar á 10 ára fresti (gr. 2.6) og skila gögnum til Umhverfisstofnunar. Þetta er frávik frá fyrra ári og unnið er samkvæmt úrbótaáætlun samþykktari af Umhverfisstofnun.
- Útbúa skal viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar (gr. 3.3). Þetta er frávik frá fyrra ári og unnið er samkvæmt úrbótaáætlun samþykktari af Umhverfisstofnun.

Malbikunarstöðin hefur tekið mið af breyttu deiliskipulagi fyrir svæðið og er byrjað að hliðra starfsemi sinni fjær gilbarminum við Glerá. Miðað er við að þetta taki nokkur ár.

Frávik frá

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.7, um frárennsli. Reglugerð 35/1994 kveður á um að magn olíu í frárennsli skuli ekki vera meira en 15 ppm. Staðfesta skal þetta með mælingu.

Lýsing á frávikum

Sett hefur verið niður olíuskilja neðan malbikunarstöðvarinnar. Frárennsli af vinnusvæði er leitt í skiljuna. Staðfesta þarf að olíuskiljan vinni eins og til er ætlast.

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.3, um að áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar.

Nú þegar skipt hefur verið um poka í rykhreinsibúnaðinum er ryk frá starfeminni vel innan krafna í starfsleyfi. Krafa er í starfsleyfi um að til staðar sé áætlun um rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðarins sem viðheldur þessum góða árangri.

ákvæði í starfsleyfi, grein 3.1, um að Starfsmenn stöðvarinnar hafa notað dagbók til þess að skrá hjá sér

reglulegt effirlit sé með tilteknum þáttum í rekstri stöðvarinnar. Skrá skal upplýsingar um niðurstöður effirlitsins.

ýmis atriði um starfsemi stöðvarinnar. Krafa er gerð um að markviss skráning á þeim atriðum sem fram koma í grein 3.1 í starfsleyfinu eigi sér stað. Koma þarf upp skráningarhandbók.

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.6, um að uppfylla ákvæði reglugerðar sem fjallar um geymslu olíuefna á landi. Botnþykktarmæla skal geyma stöðvarinnar á tíu ára fresti.

Þetta er frávik frá árinu 2011 og unnið er samkvæmt úrbótaáætlun samþykktari af Umhverfisstofnun.

ákvæði í starfsleyfi, grein 3.3, um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun til að taka á bráðamengunarhættu.

Þetta er frávik frá árinu 2011 og unnið er samkvæmt úrbótaáætlun samþykktari af Umhverfisstofnun.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 11.12.2012



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.